



01.11.2023

Efni: Umsögn Vopnafjarðarhrepps við Samgönguáætlun 2024-2038

Hellisheiði eystri - Hlíðavegur

Í samgönguáætlun er sú breyting gerð á Hlíðavegi, frá Vopnafirði til Hringveggar, að flokkun hans er breytt úr stofnvegi í tengiveg.

Vopnafjarðarhreppur mótmælir þessari breytingu. Vegurinn yfir Hellisheiði er gríðarlega mikilvæg tenging milli Vopnafjarðar og Héraðs og stytta leiðina þar á milli um 37 km.

Þjónustuna við veginn má alls ekki skerða og frekar mætti auka þjónustuna vegna ástands vegarins.

Jarðgöng á Hérað

Skv. samgönguáætlun eru jarðgöng undir Hellisheiði eystri eitt af fjórum kostum sem á að skoða betur.

Vopnafjarðarhreppur leggur mikla áherslu á það að sjá göng yfir á Hérað, til að tengja Vopnafjörð betur við aðra byggðarkjarna Austurlands, ofar á forgangslista yfir jarðgöng á Íslandi. Þá vill Vopnafjarðarhreppur að skoðaðar verði allar mögulegar gangnaleiðir á milli Vopnafjarðar og Héraðs.

Ljóst er að vegna vetrareinangrunar er erfitt fyrir Vopnafirðinga að líta á sig sem hluta af atvinnusvæðinu á Austurlandi. Um þetta er einnig fjallað í svæðisskipulagi Austurlands sem sveitarstjórnir á Austurlandi samþykktu og Skipulagsstofnun staðfesti sl. haust.

Vopnafjörður sker sig úr á Austurlandi hvað það varðar að minni þjónustusókn er þaðan til Egilsstaða en frá flestum öðrum byggðarlögum landshlutans.

Samkvæmt könnun Byggðastofnunar sótti um helmingur svarenda þjónustu til fyrirtækja og stofnana á Vopnafirði, rúmlega 19% til Akureyrar, 14% til höfuðborgarsvæðisins og 8% til Egilsstaða.

Stytting vegalengdar frá Vopnafirði til Egilsstaða um 46 km bætir mjög aðstæður til þjónustusóknar þangað.

Fyrir hönd Vopnafarðarhrepps,
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri